

## STARFSREGLUR

### Þróunar- og stofnanadeildar Þróunar og símenntunarsjóðs

Eflingar/Hlífur/Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og ríkis/endurhæfingarmiðstöðva/dvalar- og hjúkrunarheimila

#### 1.

Þróunar- og stofnanadeild er hluti Þróunar- og símenntunarsjóðs aðila og er markmið deildarinnar að auka möguleika stofnana á að þróa starfssvið sitt þannig að það samræmist þeim kröfum sem gerða eru til stofnana á hverjum tíma og efla símenntun starfsmanna sem eru í þeim félögum sem eiga aðila að sjóðnum með það fyrir augum að þeir séu færari til að takast á við sífellt fjölbreyttari verkefni.

#### 2.

Deildin sinnir hlutverki sínu með því að veita styrki til fræðsluverkefna á sviði símenntunar sem eru í samræmi við markmið hans til stofnana og vinnuveitenda sem í sjóðinn greiða; stéttarfélagi sem að sjóðnum standa; eða verkefna sem sjóðstjórn skipuleggur. Auk þess styrkir deildin verkefni sem aðilar semja um í kjarasamningi.

#### 3.

Umsóknir skulu sendar til stjórn sjóðsins þar sem fram kemur lýsing á því fræðsluverkefni sem sótt er um styrk til, skipulagi þess, efnisinntaki, áætlaðri framkvæmd, kostnaði, öðrum styrkjum og framlagi umsækjanda. Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram a.m.k. ársfjórðungslega. Stjórnin skal koma sér upp samræmdu matskerfi á umsóknum meðal annars með tilliti til þeirra þarfa sem umsækjandi telur sig vera að uppfylla.

Stjórn sjóðsins áskilur sér rétt til breytinga á starfsreglunum án fyrirvara.